

Umsögn dómnefndar

**skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla
um umsækjendur um embætti setts dómara
við Héraðsdóm Reykjavíkur sem var
auglýst laust til umsóknar 23. desember 2013.**

Reykjavík 27. febrúar 2014.

1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti

Með bréfi dags. 15. janúar 2014 fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd skv. 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, að hún skv. 3. mgr. 20. gr. sbr. 4. gr. a laga um dómstóla nr. 15/1998, léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti setts dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur sem auglýst var laust til umsóknar 23. desember 2013 í Lögbirtingablaði.

Um setningu í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur sóttu Hólmfríður Grímsdóttir aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands, Logi Kjartansson lögfræðingur, Pétur Dam Leifsson dósent við lagadeild Háskóla Íslands og Sigurður Jónsson hæstaréttarlögmaður.

Umsögn dómnefndar um umsækjendur fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 skal dómnefnd láta innanríkisráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara. Samkvæmt ákvæðinu skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega.

Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/2008 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra, nú innanríkisráðherra, setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann

hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgerði.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og í 2. mgr. hennar segir orðrétt: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Í 1. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Ákvæði þetta er áréttað í upphafi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 sem rakið er hér að framan. Í 2. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 kemur fram ákvæði um bann við mismunun þar sem talin eru upp sjónarmið sem ekki má líta til við mat á því hvaða umsækjandi geti talist hæfastur til að gegna starfanum. Í ákvæðinu segir: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.“

Markmið laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er m.a. að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, sbr. 1. gr.

þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna skal starf, sem laust er til umsóknar, standa opið jafnt konum sem körlum og í 1. mgr. 24. gr. þeirra er kveðið svo á um að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil. Samkvæmt 2. tölul. 2. gr. laganna telst það óbein mismunun þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Þá ber þess að gæta að Hæstiréttur hefur talið að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla yrðu þýðingarlítill, nema meginreglur þeirra við að stemma stigu við mismunun séu skýrðar svo að konu skuli veita starf ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin, að því er varðar menntun og annað sem máli skiptir, og karl sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur, sbr. dóma réttarins H 1993, 2230, H 1996, 3760, H 1998, 3599 og H 2006, 4891. Á þetta sjónarmið kann að reyna að álitni nefndarinnar við ákvörðun ráðherra um veitingu dómaraembættis hafi dómnefnd metið tvo eða fleiri umsækjendur jafnhæfa til að gegna því.

Loks skal þess getið að í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaðkvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Hinn 30. janúar 2014 ritaði dómnefnd umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra nefndarmanna sem fara með mál þetta.

Einn af þeim sem skipaðir hafa verið í dómnefndina, Stefán Már Stefánsson, hefur lýst sig vanhæfan á grundvelli 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 til að taka þátt

í meðferð umsókna um ofangreint dómaraembætti. Af þeim sökum tók varamaður hans, Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari, sæti í nefndinni.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 5. febrúar 2014.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, segir m.a. að dómnefndinni sé einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 620/2010 getur dómnefnd aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Á grundvelli þessa ákvæðis sendi dómnefnd 6. og 7. febrúar 2014 spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem meðmælendur. Umsækjendum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör umsagnaraðilanna.

Eins og áður segir fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd 15. janúar 2014 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjanda um setningu í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Starfsumboð nefndarinnar miðast við þann dag. Umsóknirnar og fylgigögn bárust formanni nefndarinnar 17. janúar 2014. Sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010, sbr. 8. gr. stjórnarsýslulaga, reiknast því frá síðastnefndum degi til 28. febrúar 2014.

Þess skal getið að umsækjandinn Sigurður Jónsson hefur áður verið metinn af dómnefnd sem nú starfar skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 og umsækjandinn Pétur Dam Leifsson var metinn 29. nóvember 2007 af dómnefnd sem starfaði skv. eldri reglum.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2010 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 19. febrúar 2014, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 26. þess mánaðar, kl. 16.00. Svör bárust frá öllum umsækjendum að Sigurði undanskildum. Logi og Pétur gerðu ekki efnislegar athugasemdir við drög að álitgerð sem umsækjendum voru send en athugasemdir bárust frá Hólmi Friði þar sem tiltekin atriði í umsókn hennar voru skýrð nánar og frekari upplýsingar veittar. Farið var yfir athugasemdir hennar á fundi nefndarinnar

27. febrúar 2014, en þær þóttu ekki gefa tilefni til breytinga á endanlegum niðurstöðum í þeim drögum sem umsækjendum höfðu verið send.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður næst veitt stutt ágríp um menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og samanburð á þeim á grundvelli þeirra megin sjónarmiða sem reifuð voru í kafla 2. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjenda. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna, er þeir hafa fengist við, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Hólmfríður Grímsdóttir er fædd 2. september 1965 og er því 48 ára. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 2000. Að auki hefur hún lokið B.A.-prófi í stjórn mála- og fjölmiðlafræði frá Háskóla Íslands í október 1992, auk tveggja endurmenntunarnámskeiða í samningagerð og gerð lagafrumvarpa, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2003. Að loknu laganámi hóf umsækjandinn störf sem löglærður aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur 2000-2002. Frá 2002-2010 starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu, þar sem hún sinnti almennum lögfræðistörfum í þeim málaflokkum sem féllu undir ráðuneytið, s.s. gerð lagafrumvarpa, samningu reglugerða, stjórnsýsluúrskurða, samskiptum við undirstofnanir og önnur ráðuneyti, innleiðingu EES-gerða o.fl., en síðustu árin var lögð sérstök áhersla á lyfjamál í starfi hennar. Árin 2003-2010 var hún staðgengill skrifstofustjóra lögfræðiskrifstofu og staðgengill skrifstofustjóra lyfjaskrifstofu frá 1. apríl 2010 þar til hún hóf störf sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands haustið 2010. Í störfum sínum hefur hún verið fulltrúi í ýmsum nefndum og vinnuhópum, m.a. verkefninu Einfeldara Ísland, var í samningahópi 1 vegna umsóknar Íslands að ESB og sótti fundi í nefnd Evrópusambandsins á sviði lyfjamála og var í sérfræðingahópi EFTA á sama sviði. Hún hefur verið varamaður í stjórn Sjúkratrygginga Íslands síðan í ágúst 2010.

Logi Kjartansson er fæddur 6. ágúst 1975 og er því 38 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 2007 en hafði áður lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Að loknu laganámi hóf hann störf sem lögfræðingur í umhverfissráðuneytinu og starfaði þar til 2010 er hann réði sig til starfa sem lögfræðingur hjá Lögregluskóla ríkisins til 2012. Í ráðuneytinu fékkst umsækjandinn við gerð lagafrumvarpa, reglugerða og gerð stjórnisýsluúrskurða en í Lögregluskóla ríkisins fékkst hann aðallega við rannsóknir í lögreglurétti og ritun samnefndrar kennslubókar. Árið 2012-2013 var umsækjandinn lögfræðingur á stjórnisýslusviði ríkislögreglustjóra. Hann hefur nú kennt lögreglurétt við lögregluskólann frá því 2010 og annast kennslu í opinberu réttarfari og starfsmannarétti. Þá hefur hann haldið nokkra fyrirlestra um lögfræðileg efni. Umsækjandinn hefur gefið út kennslurit í lögglururétti er ber heitið Lögglururættur, auk þess sem hann hefur unnið að útgáfu ritverks um lögglururétt með tilstyrk Lagastofnunar Háskóla Íslands og lagadeildar Háskóla Íslands sem ætlunin er að komi út á næstunni. Dómnefnd fékk afhent handrit að verkinu 7. febrúar sl. sem telur 347 blaðsíður, en í endanlegu bókarformi telur umsækjandinn það verða hátt í 500 síður. Auk þessa hefur hann unnið lögfræðileg aukastörf fyrir Félag íslenskra atvinnuflugmanna, Landvernd, lögmannsstofuna Réttur – Adalsteinsson & Partners og fleiri.

Pétur Dam Leifsson er fæddur 27. apríl 1968 og er því 45 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2000 og lauk L.L.M. námi frá Erasmus University Rotterdam 2002 í þjóðarétti. Árið 2005 lauk hann aftur L.L.M. námi frá sama skóla í alþjóðaviðskiptarétti sem er innan sviðs þjóðaréttar. Fyrir laganám lauk hann B.A. prófi í sagnfræði og B.A. prófi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands árið 1996. Umsækjandinn öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði 2002. Að loknu laganámi starfaði hann sumarið 2001 sem lögfræðingur í afleysingum hjá lögfræði- og ákærusviði lögglustjórans í Reykjavík en réði sig sem löglærður aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur í september 2001 og starfaði hann þar til í nóvember 2004. Sumarið 2004 leysti hann af skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Frá apríl 2005 til ágúst 2005 starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra í hlutastarfi. Umsækjandinn starfaði sem lektor í fullu starfi við Háskólann á Akureyri frá janúar

2005 til janúar 2007 en í hlutastarfi frá þeim tíma og fram í desember 2008. Í janúar 2009 var hann ráðinn sem dósent við Háskólann á Akureyri og sinnti því starfi til september 2013. Hann starfaði sem lektor við Háskóla Íslands frá því í janúar 2007 til desember 2008, en dósent við sama skóla frá janúar 2009. Pétur hafði verið stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2001 til 2006, auk þess að vera stundakennari við Háskólann á Bifröst 2006 - 2012. Í Háskóla Íslands hefur hann m.a. annast umsjón og kennslu í fjölda sérhæfðra námskeiða er varða alþjóðalög, sem og að koma að kennslu og umsjón á grunnnámskeiðum í B.A. námi. Við Háskólann á Akureyri hefur hann sinnt kennslu, rannsóknum og stjórnun, auk þess að koma að uppbyggingu á meistaranámi. Þá hefur hann einnig komið að umsjón og kennslu námskeiða og haldið fjölda fyrirlestra við aðrar háskólastofnanir, m.a. Kaupmannahafnarháskóla, Erasmus háskólann í Rotterdam, Háskólann í Vínborg, Fróðskaparsetrið í Færeyjum auk hérlendra skóla. Umsækjandinn hefur talsvert sinnt fræðistörfum og ritstörfum um lögfræðileg efni, en eftir hann liggja 17 greinar um efni varðandi þjóðarétt sem hafa birst í ýmsum tímaritum og köflum. Hann gaf einnig út ritið „Þjóðaréttur“ árið 2011 ásamt Björgu Thorarensen, prófessor, en umsækjandinn var aðalhöfundur kafla 1-5, 9-10 og 12. Umsækjandinn var auk þessa formaður rannsóknar- og meistaranámsnefndar lagadeildar HÍ 2009-2010 og hefur nú setið þar frá 2013, hefur setið í stjórn Hafréttarstofnunar Íslands frá 2012, verið varamaður í nefnd um dómaraströf frá 2013, varamaður í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2007, setið í vísindanefnd félagsvísindasviðs HÍ frá 2013 og setið í Færeyjanefnd HÍ frá 2012. Hann sat einnig í kennslunefnd félagsvísindasviðs HÍ 2009-2010 og var formaður síðanefndar HA 2006-2009. Þá hefur hann setið í dómnefndum vegna framgangs eða ráðninga háskólakennara fyrir lagadeild Háskóla Íslands og einnig verið í samskonar nefndum fyrir lagadeild Háskólans í Reykjavík og lagadeild Kaupmannahafnarháskóla. Þá hefur hann unnið að því að meta umsóknir um sameiginlegt doktorsnám við lagadeildir Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla. Þá hefur hann sinnt fyrirspurnum frá nefndasviði Alþingis og ráðuneytum, veitt fyrirtækjum, félagasamtökum og lögmannsstofum ráðgjöf og verið tilkvaddur sem sérfræðivitni fyrir dómstóli í Englandi. Þá hefur hann verið dómari í TELDERS

málflutningskeppninni sem fer fram árlega í Haag í Hollandi, haldið utan um þátttöku liðs lagadeildar HÍ í Jessup málflutningskeppninni í Washington og verið í stjórn Félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi árin 2006-2007.

Sigurður Jónsson er fæddur 13. febrúar 1956 og er því 58 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1983. Hann hefur sótt fjölda námskeiða í ýmsum greinum lögfræðinnar, aðallega á vegum Háskóla Íslands og Lögmannafélags Íslands. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1989 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands 1997. Þá öðlaðist hann fasteignasöluréttindi 1991. Að loknu laganámi hóf hann störf sem dómarafulltrúi hjá Sýslumanninum á Akureyri og starfaði þar fram til ársins 1986 er hann hóf störf sem fulltrúi Sýslumannsins í Árnessýslu. Á árinu 1987 var hann settur sýslumaður í Strandasýslu í sem næst einn og hálfan mánuð og 1988-1989 var hann starfsmannastjóri Sláturfélags Suðurlands á Selfossi. Frá 1989 til 1991 var hann aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, en að því loknu hóf hann rekstur eigin lögmannsstofu, Lögmennt Suðurlandi á Selfossi auk fasteignasölu fram til ársins 2002. Frá 2002 til 2007 annaðist hann rekstur eigin lögmannsstofu og fasteignasölu í Vestmannaeyjum, Lögmennt Vestmannaeyjum, og frá 2007-2012 annaðist hann rekstur eigin lögmannsstofu á Selfossi, Lögmennt Árborg, er hann stofnaði núverandi lögmannsstofu, Land lögmennt í Kópavogi. Hefur hann m.a. á þessum tíma rekið og flutt mörg mál fyrir stjórnvaldsnefndum, s.s. matsnefnd eignarnámsbóta, kærunefnd samkeppnismála og óbyggðanefnd. Umsækjandinn var 1986-1993 formaður yfirúttektarnefndar Árnessýslu og þá sat hann í fjölda nefnda á vegum Stjórnarráðs Íslands á árunum 1989-1991, auk þess að gegna þar formennsku. Hann var nefndarmaður í kvörtunarnefnd Félags fasteignasala 2003-2008, stjórnarformaður Eyvindartungu ehf. 2001-2010, stjórnarformaður í Landssamtökum raforkubænda á Íslandi 2005-2010 og stjórnarmaður Landssamtaka landeigenda á Íslandi frá 2009. Umsækjandinn hefur starfað sem dómkvaddur matsmaður, aðallega til að meta verðmæti fasteigna og til þess að gera arðskrá vegna veiði. Hann hefur stundað kennslu við grunn- og framhaldsskóla.

5. Mat á umsækjendum

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Allir umsækjendur hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði, ýmist embættisprófi eða meistaraprófi, frá íslenskum háskóla.

Hólmfríður hafði að baki B.A. próf í stjórn mála- og fjölmiðlafræði frá Háskóla Íslands áður en hún lauk meistaraprófi í lögum. Hún hefur einnig sótt tvö námskeið við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Logi hafði tekið próf frá Lögregluskóla ríkisins áður en hann lauk meistaraprófi í lögum.

Pétur hefur til viðbótar meistaraprófi í lögum tvívegis lokið prófi með meistaragráðu frá Erasmus University Rotterdam. Áður en hann lauk meistaraprófi í lögum frá HÍ átti hann að baki B.A. próf í stjórn málafræði frá HÍ og einnig í sagnfræði frá sama skóla.

Sigurður hefur að loknu embættisprófi sótt fjölda námskeiða hér á landi í ýmsum greinum lögfræðinnar.

Samkvæmt því sem að framan greinir stendur *Pétur* öðrum umsækjendum mun frammar í þessum þætti hæfnismats með tvöfalda meistaragráðu í framhaldsnámi og glæsilegan námsferil að baki. Næst honum kemur *Hólmfríður* með B.A. próf í grein sem er um sumt skylt lögfræði en hún hlaut einnig hæstu meðaleinkunn umsækjenda á meistaraprófi. Þá hefur hún tvívegis sótt endurmenntunarnámskeið. Viðbótarmenntun annarra umsækjenda telst vera minni.

5.2. Reynsla af dómstörfum

Hólmfríður var aðstoðarmaður héraðsdómara í Reykjavík í sem næst tvö ár og hefur verið aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands í þrjú og hálf ár.

Logi hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Pétur var aðstoðarmaður héraðsdómara í Reykjavík í rúmlega þrjú ár og sem næst fjóra mánuði í hlutastarfi á Akureyri samhliða háskólakennslu.

Sigurður var fulltrúi sýslumanns á Akureyri og síðan Árnassýslu 1983 til 1987 og settur sýslumaður í Strandassýslu í einn og hálfan mánuð 1987.

Samkvæmt framanröktu hefur Hólmfríður mesta reynslu umsækjenda af störfum við dómstóla, en þar vege þyngst störf hennar við Hæstarétt Íslands. Á báðum dómstigum öðlaðist hún reynslu af því að semja drög að dómsniðurstöðum. Næstur henni kemur Pétur en reynsla Sigurðar telst vera minni.

5.3. Reynsla af lögmannsstörfum

Allir umsækjendur að Loga undanskildum hafa aflað sér réttinda sem héraðsdómslögmennt en einungis Sigurður hefur öðlast réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti.

Hólmfríður og *Logi* hafa ekki reynslu af störfum á lögmannsstofu.

Pétur starfaði eitt sumar hjá lögfræði- og ákærusviði lögreglustjórans í Reykjavík.

Sigurður hefur rekið eigin lögmannsstofu frá 1991, lengst af á Selfossi og í Vestmannaeyjum en síðan í Kópavogi. Samhliða hefur hann rekið fasteignasölu. Hann hefur flutt fjölda mála og frá 1997 jöfnum höndum fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Þá hefur hann flutt mörg mál fyrir úrskurðarnefndum á stjórnslustigi.

Samkvæmt þessu hefur Sigurður starfað í rúmlega tuttugu ár við lögmannsstörf og frá 1997 flutt mál á báðum dómstigum. Þá hefur hann flutt mörg mál fyrir úrskurðaraðilum á stjórnslustigi. Á þessu sviði hefur Sigurður algera sérstöðu meðal umsækjenda.

5.4. Reynsla af stjórnslustörfum

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Hólmfríður starfaði sem lögfræðingur í heilbrigðisráðuneyti frá 2002 til 2010. Þar voru henni falin umfangsmikil stjórnsluverkefni, þ.á m. gerð lagafrumvarpa, reglugerða og stjórnsluúrskurða. Þá var hún í samningahópi vegna umsóknar Íslands að ESB og hefur sótt fundi í nefndum ESB og EFTA á sviði lyfjamála. Þá starfaði hún í vinnuhópi, "Einfaldara Ísland" sem var samráðsvettvangur

ráðuneytanna til að fara yfir alla lagabálka sem undir þau heyrðu með það fyrir augum að einfalda reglur og gera þær markvissari og skýrari.

Logi starfaði í umhverfisráðuneytinu í sem næst þrjú ár þar sem hann fékkst meðal annars við gerð lagafrumvarpa, reglugerða og stjórnvaldsúrskurða. Með umsókn hans fylgdu þrír slíkir úrskurðir sem hann mun hafa samið. Eftir það starfaði hann í tvö ár hjá Lögregluskóla ríkisins og um eitt ár á stjórnsýslusviði ríkislögreglustjóra.

Pétur hefur annast umsjón með námskeiðum í HÍ er varða alþjóðalög og í grunnnámskeiðum í B.A. námi. Í Háskólanum á Akureyri sinnti hann uppbyggingu í meistaranámi og hefur komið að umsjón námskeiða við erlendar háskólastofnanir. Þá var hann formaður rannsóknar- og meistaranámsnefndar lagadeildar HÍ. Þá á hann ýmist sæti eða er varamaður í stjórn eftirtalinna stofnana og nefnda: Hafréttarstofnunar Íslands, nefndar um dómarastörf, Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands, vísindanefndar og kennslunefndar félagsvísindasviðs HÍ, Færeyjarnefndar HÍ og siðanefndar Háskólans á Akureyri. Hann hefur setið í dómnefndum vegna framgangs eða ráðningar kennara við lagadeildir Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Kaupmannahafnarháskóla og unnið að því að meta umsóknir um sameiginlegt doktorsnám lagadeilda Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla. Þá hefur hann verið dómari í árlegri málflutningskeppni í Hollandi og stýrt liði lagadeildar HÍ í málflutningskeppni í Bandaríkjunum. Þá sat hann um skeið í stjórn Félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi.

Sigurður var fulltrúi sýslumannsins á Akureyri frá 1983 til 1986 og sýslumannsins í Árnassýslu frá þeim tíma til 1987. Á því ári var hann settur sýslumaður í Strandassýslu í einn og hálfan mánuð. Frá 1989 til 1991 var hann aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, en á þeim tíma sat hann í fjölda nefnda á vegum ráðuneytisins. Þá var hann formaður yfirútektarnefndar Árnassýslu frá 1986-1993.

Allir umsækjendur hafa samkvæmt framangreindu reynslu af stjórnsýslustörfum þótt í mismiklum mæli sé og á ólíkum vettvangi. Verður litið til þess hve lengi þeir hafa starfað við stjórnsýslu og jafnframt til eðlis starfanna. Hólmfríður hefur öðlast mikla reynslu af stjórnsýslu í störfum sínum sem

lögfræðingur í Stjórnarráðinu í átta ár. Leggja má til grundvallar að verulega hafi reynt á lagalega þekkingu og færni við úrvinnslu mála í daglegum störfum hennar þar sem álitafni munu gjarnan hafa verið á sviði stjórnarsýsluréttar. Í starfi hennar fólst meðal annars að sitja í fjölmörgum vinnuhópum og nefndum. Ætla má að reynsla hennar af stjórnarsýslu myndi nýtast vel við úrlausn mála fyrir dómstólum. Verður að telja hana standa framar öðrum umsækjendum í þessum þætti. Næstur henni kemur Pétur en hann hefur breiða reynslu af stjórnarsýslu á ýmsum sviðum háskólasamfélagsins, þar af lítillega á erlendum vettvangi. Stjórnarsýslustörf hans felast einnig í setu í mörgum stjórnnum og nefndum sem flestar tengjast háskólastofnunum. Logi hefur starfsreynslu af stjórnarsýslu í Stjórnarráðinu í þrjú ár, Lögregluskóla ríkisins í tvö ár og hjá ríkislögreglustjóra í sem næst eitt ár. Reynsla Sigurðar af stjórnarsýslustörfum verður að teljast takmarkaðri en annarra umsækjenda.

5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.

5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf

Hólmfríður, Logi og Sigurður hafa ekki fengist við kennslu á háskólastigi. Þess má þó geta að Logi hefur kennt opinbert réttarfar og starfsmannarétt í Lögregluskóla ríkisins frá árinu 2010 sem verður litið til.

Pétur starfaði samhliða stjórnunarstörfum sem lektor við Háskólann á Akureyri í tvö ár og í hlutastarfi í eitt ár, en við skólann kenndi hann á námskeiðum á nokkrum sviðum lögfræðinnar. Þá hefur hann samhliða stjórnunarstörfum verið lektor við lagadeild HÍ í eitt ár og dósent frá 2009. Áður hafði hann verið stundakennari við lagadeild HÍ í fimm ár og eftir það einnig við Háskólann á Bifröst í sex ár. Í HÍ hefur hann kennt á námskeiðum á sviði margra greina lögfræðinnar og á grunnnámskeiðum í B.A. námi. Þá hefur hann haldið fjölda fyrirlestra við nokkra erlenda háskóla auk hérlendra og jafnframt verið tilkvaddur sem sérfræðivitni fyrir dómstóli í Englandi.

Samkvæmt þessu hefur Pétur mikla reynslu af kennslu á háskólastigi og nýtur sérstöðu meðal umsækjenda í þessum þætti. Hann hefur enn fremur fengist við rannsóknir á háskólastigi, sbr. kafla 5.5.2.

5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

Hólmfríður og Sigurður hafa ekki komið að útgáfu fræðirita eða birt fræðigreinar um lögfræðileg málefni.

Logi hefur með umsókn sinni lagt fram kennslurit í lögreglurétti sem kennt er við Lögregluskóla ríkisins. Eftir það hefur hann afhent dómnefnd handrit að óútgefnu en umfangsmiklu riti um sama efni.

Pétur hefur sinnt fræðistörfum og ritstörfum sem eru orðin allmikil að vöxtum. Ber þar fyrst að telja ritið "Þjóðaréttur", útg. 2011 sem hann er annar tveggja höfunda að, en í umsókn eru tilgreindir þeir kaflar sem umsækjandinn er aðalhöfundur að. Hann hefur samið kennslurit, "Kaflar úr Þjóðarétti" fyrir lagadeild HÍ og skrifað greinar í ritið "Rannsóknir í félagsvísindum VIII - lagadeild." Þá hefur hann lagt fram með umsókn sinni sautján fræðigreinar sem hafa birst í tímaritum eða sem bókakaflar en þær eru allar á sviði þjóðaréttar.

Samkvæmt framansögðu stendur *Pétur* fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats. Rit hans hafa almennt ótvírætt fræðilegt gildi, en þau eru eins og fram er komið á sviði þjóðaréttar. Grein í "Rannsóknir í félagsvísindum" er gott dæmi um vönduð vinnubrögð höfundar. Hún er studd tilvitnunum í hátt á annan tug höfunda sem hafa fjallað um málefnið frá ýmsum hliðum og er lýsing hans á viðfangsefninu og umfjöllun um það skýr og læsileg. Kennslurit Loga um lögreglurétt hefur nokkurt fræðilegt gildi og er áhugavert, ekki síst vegna þess að það er á sviði sem lítt hefur verið ritað um áður. Hvað varðar tilbúið en óbirt rit hans um sama efni hefur nefndin í heild ekki getað framkvæmt viðhlítandi rannsókn vegna þess hve verkið barst henni seint á því tímabili sem hún hefur til að ljúka störfum. Er því ekki unnt að líta til þess sérstaklega varðandi hæfni umsækjandans.

5.6. Reynsla af stjórnun

Hólmfríður var samfleytt í sjö ár staðgengill skrifstofustjóra lögfræðiskrifstofu og skrifstofustjóra lyfjaskrifstofu heilbrigðisráðuneytis. Í Hæstarétti hefur hún ásamt öðrum aðstoðarmönnum gengið í störf skrifstofustjóra réttarins í réttarhléum og öðrum tilvikum ef þurfti. Hið sama kom fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur yfir sumartíma.

Logi hefur ekki fengist við störf á þessu sviði.

Pétur var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í afleysingum sumarið 2004. Hann var formaður rannsóknar- og meistaranámsnefndar lagadeildar HÍ í eitt ár og hefur eftir það átt sæti þar frá 2013. Umsækjandinn hefur setið í stjórn Hafréttarstofnunar Íslands frá 2012, verið varamaður í stjórn Mannréttindastofnunar HÍ frá 2007, í vísindanefnd félags- og vísindasviðs HÍ frá 2013 og kennslunefnd sama sviðs í eitt ár og hefur setið í Færeyjarnefnd HÍ frá 2012. Þá var hann formaður siðanefndar Háskólans á Akureyri í þrjú ár og varamaður í nefnd um dómarastörf frá 2013. Hvað hann varðar verður að líta til þess að í sumum tilvikum hefur hann setið í stjórn eða nefnd í skamman tíma og í nokkrum tilvikum er um varamennsku að ræða og ekki komið fram hvort eða að hvaða marki hefur reynt á þátttöku hans í starfi viðkomandi stjórnar eða nefndar.

Sigurður var í skamman tíma starfsmannastjóri í stóru atvinnufyrirtæki. Þá hefur hann verið meðeigandi og tekið þátt í stjórn þriggja lögmannsstofa á 22 ára tímabili.

Samkvæmt þessu hafa þrír umsækjendur, Hólmfríður, Pétur og Sigurður öðlast reynslu af stjórnun en á ólíkum vettvangi. Að öllu virtu telur dómnefndin Hólmfríði standa fremsta umsækjenda í þessum þætti en næstur henni komi Pétur.

5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.

Hólmfríður og Logi hafa komið að undirbúningi lagasetningar og setningu reglugerða í störfum sínum í annars vegar heilbrigðisráðuneyti á átta ára starfsferli og hins vegar umhverfisráðuneyti í þrjú ár. Allir umsækjendur hafa sinnt öðrum störfum, sbr. nánar 4. kafla hér að framan, en ekki verður talið að þau nýtist þeim beint í störfum dómara.

5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt

með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Í auglýsingu um hið lausa dómaraembætti var óskað eftir því að umsækjendur tilnefndu tvo meðmælendur. Í 5. gr. reglna nr. 620/2010 kemur fram að dómnefnd geti aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum sem átt hafi samskipti við umsækjanda vegna starfa hans.

Sem fyrr segir leitaði dómnefnd eftir umsögnum þeirra er umsækjendur höfðu tilnefnt sem meðmælendur en þeir eru: Greta Baldursdóttir og Helgi I. Jónsson, dómarar við Hæstarétt Íslands sem gáfu umsögn um Hólmsfríði Grímsdóttur, Eyvindur G. Gunnarson forseti lagadeildar Háskóla Íslands og Guðmundur Guðjónsson fyrrverandi yfirmaður stjórnslusviðs ríkislögreglustjóra um Loga Kjartansson og Barbara Björnsdóttir héraðsdómari og Björg Thorarensen prófessor við lagadeild Háskóla Íslands um Pétur Dam Leifsson. Hvað varðar Sigurð Jónsson byggði nefndin á umsögnum þeirra Ingibjargar Ólafar Vilhjálmssdóttur héraðsdómslögmanns og Ólafs Björnssonar hæstaréttarlögmanns, sem aflað var vegna umsagnar dómnefndar dags. 27. ágúst 2013.

Dómnefndin hefur haft umsagnir þessara meðmælenda, sem allar eru jákvæðar í garð hlutaðeigandi umsækjenda, til hliðsjónar við mat sitt. Af umsögnunum verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður samkvæmt 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010. Einnig kom þar fram að reglusemi umsækjenda væri ekki ábótavant.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi. Miðað við þessar forsendur og með vísan til alls þess sem að framan greinir

telur dómnefnd að allir umsækjendurnir fullnægi þeim lágmarksskilyrðum sem gera verður til héraðsdómara í þessum efnum.

6. Niðurstaða dómnefndar

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þessi sjónarmið hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið niðurstöðu. Þótt almennt verði að telja umsækjanda til tekna fjölbreytta starfsreynslu er meginmarkmiðið með störfum dómnefndar að finna hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti héraðsdómara. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum héraðsdómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmannsstörfum og þeim stjórnáráðstörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hvort þau verkefni sem umsækjendur hafa fengist við séu fjölbreytileg svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki þótt einn þeirra hafi gegnt starfi nokkru lengur en annar.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að umsækjandinn hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Farsæl starfsreynsla og fjölbreytileiki hennar getur gefið mikilsverðar vísbendingar í því efni, en þar koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst reynsla af lögfræðilegri greiningu. Dómnefnd hefur gætt þess í mati sínu á hæfni umsækjenda, rétt eins og í fyrri álitum, að fara ekki út í alltof nákvæmt mat vegna þess að afar erfitt er að halda samræmi þegar svo er að verki staðið þar sem matsgrundvöllurinn er bæði fjölþættur og margbrotinn.

Mat dómnefndar er byggt á öllum þeim þáttum sem raktir hafa verið hér að framan í köflum 5.1.-5.9. Það er niðurstaða nefndarinnar að allir umsækjendur fullnægi þeim kröfum sem gera verður til héraðsdómara.


Þegar litið er til alls þess sem að framan greinir er það niðurstaða dómnefndar að Pétur Dam Leifsson sé hæfastur umsækjenda til að gegna starfi héraðsdómara.


Námsferill hans er glæsilegur og hann hefur fengið nokkra reynslu af dómstörfum í starfi sem aðstoðarmaður við Héraðsdóm Reykjavíkur og Héraðsdóm Norðurlands eystra í samtals tæplega þrjú og hálf ár. Þá hefur hann reynslu af stjórnarsýslustörfum og stendur öðrum umsækjendum miklum mun framur hvað varðar fræðistörf. Þá hefur hann einn umsækjanda reynslu af kennslu á háskólastigi og fleiri akademískum störfum. Næst Pétri að hæfni kemur Hólmfríður Grímsdóttir. Hún hefur mesta reynslu umsækjenda af dómstörfum vegna starfa sinna í Héraðsdómi Reykjavíkur og Hæstarétti Íslands í samtals tæplega sex ár. Hún hefur einnig öðlast reynslu umfram aðra umsækjendur af stjórnarsýslu og stjórnun. Meðal verkefna hennar í heilbrigðisráðuneytinu var að semja úrskurði í kærumálum. Með umsókn sinni hefur hún afhent tvo slíka úrskurði á sviði stjórnarsýslu sem hún hefur samið og undirritað. Þeir eru báðir vel samdir og örugg tök á íslensku ritmáli leynd sér ekki. Að virtum framangreindum niðurstöðum eru ekki efni til að gera upp á milli umsækjendanna Loga Kjartanssonar og Sigurðar Jónssonar.


Ályktarorð:


Með vísan til 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla og 2. málslíð 3. mgr. 20. gr. sömu laga er það niðurstaða dómnefndar að af þeim umsækjendum sem sækja um setningu í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur sé Pétur Dam Leifsson hæfastur til að hljóta setningu í embættið. Að honum frátöldum er niðurstaða nefndarinnar jafnframt sú að Hólmfríður Grímsdóttir sé hæfust til að gegna embætti við umræddan dómstól.

Reykjavík, 27. febrúar 2014.


Gunnlaugur Claessen


Allan V. Magnússon


Guðrún Agnarsdóttir


Óskar Sigurðsson


Sigríður J. Friðjónsdóttir